
Minnisblað

Dagsetning: 22. apríl 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum á landamærum vegna COVID-19.

Þann 9. apríl 2021 tók gildi reglugerð nr. 375/2021 um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Með reglugerðinni var öllum sem koma til landsins frá áhættusvæðum skilgreindum af sóttvarnalækni, gert skylt að framvísa neikvæðu PCR-vottorði við byrðingu og við komu sem ekki mátti vera eldra en 72 klst. gamalt. Auk þess var skylt að undirgangast tvöfalda skimun á landamærum með 5 daga sóttkví á milli með ákveðnum undantekningum. Undanþegnir þessu ákvæði voru þeir sem framvísuðu gildum vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 og fyrri COVID sýkingu, sem og börn fædd 2005 og síðar en þeim var skylt að undirgangast eina skimun við komuna til landsins.

Á undanförunum vikum hefur COVID-19 faraldurinn verið í nokkurri uppsveiflu innanlands og nokkrar hópsýkingar greinst sem rekja má til farþega sem ekki héldu sóttkví og einangrun. Á tímabilinu 17. apríl til og með 21. apríl 2021 greindust hér 90 manns með COVID-19 og mátti rekja nánast öll smitin til tveggja farþega sem hingað komu og héldu ekki sóttkví og/eða einangrun.

Þó að eftirlit sé haft með fólki í sóttkví af sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, þá er greinilegt að það eftirlit er ekki fullnægjandi til að lágmarka smithættuna erlendis frá. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú því faraldurinn er í uppsveiflu víða erlendis, ný og skæðari afbrigði veirunnar hafa komið fram og almenn þátttaka í bólusetningum hér á landi hefur ekki náð því marki að koma í veg fyrir stórar hópsýkingar. Því er brýnt að hægt verði með lögmætum úrræðum að tryggja betur að farið sé eftir þeim leiðbeiningum sem um sóttkví gilda með því að skylda farþega frá há-áhættusvæðum að dvelja í tilteknum sóttvarnahúsum og jafnframt að bæta eftirlit með þeim sem dvelja í heimasóttkví.

Þann 22. apríl 2021 voru lög um breytingu á sóttvarnalögum og lögum um útlendinga (sóttvarnahús og för yfir landamæri) samþykkt á Alþingi. Lögin heimila sóttvarnalækni að leggja til við ráðherra að ferðamenn frá tilteknum áhættusvæðum verði gert skylt að dvelja í sóttkví/einangrun í sóttvarnahúsi. Sóttvarnalækni er einnig heimilt að veita undanþágu frá þessari skyldu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á grunvelli þessarar lagaheimildar þá vil ég leggja til skilyrði sem skylda ferðamenn sem koma frá áhættusvæðum til að dvelja í sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi. Þau skilyrði sem ég legg til grundvallar mínum tillögum, byggja á innlendu áhættumati almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra um uppruna greindra smita á landamærum og þeirra brota á sóttkvíarreglum sem leitt hafa til innlendra hópsýkinga. Að auki er stuðst við upplýsingar frá Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) um nýgengi COVID-19 í hinum ýmsu löndum og svæðum í heiminum sem gefnar eru út á 14 daga fresti. Ef upplýsingar um nýgengi einstakra

landa/svæða liggja ekki fyrir þá má setja viðkomandi land í efsta áhættuhóp. Slíkt mat er einnig í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar um afléttingar á landamærum samhliða aukinni þátttöku í bólusetningum innanlands.

Ég legg því til eftirfarandi breytingar á núverandi reglugerð um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19:

1. Ný reglugerð um breytingar taki gildi 27. apríl 2021 og gildi til og með 30. júní 2021 a.m.k.
2. Einstaklingum sem dvalið hafa a.m.k. í 24 klst á undangengnum 14 dögum í löndum með skilgreint 14 daga nýgengi verði gert skylt að dvelja í sóttkví skv. eftirfarandi:
 - a. Lönd með 14 daga nýgengi smita undir 500 smit/100.000 íbúa
 - i. Farþegar fari í sóttkví í heimahúsi í 5 daga. Ef aðstæður eru ekki viðunandi eða aðilar halda ekki reglur um sóttkví þá verði viðkomandi gert að dvelja í sóttvarnahúsi. Einnig geta farþegar gist í sóttvarnahótelum sem auglýst hafa slíka gistingu og uppfylla kröfur sóttvarnalæknis.
 - b. Lönd með 14 daga nýgengi 500-699 smit/100.000 íbúa
 - i. Farþegum verði gert að dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi. Heimilt verði að sækja um undanþágu frá sóttvarnahúsi en umsókn verði að berast a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir komu.
 - c. Lönd með 14 daga nýgengi 700/100.000 íbúa eða hærra.
 - i. Farþegum verði gert að dvelja í sóttvarnahúsi án möguleika á undanþágu.

Ef ofangreind skipting er notuð þá myndu lönd í Evrópu skipast í dag í eftirfarandi flokka:

- i. Lönd með 14 daga nýgengi 700 smit/100.000 íbúa eða hærra
Frakkland, Svíþjóð, Kýpur, Litháen, Pólland, Króatía, Ungverjaland og Holland.
- ii. Lönd með 14 daga nýgengi 500-699 smit/100.000 íbúa
Slóvenía, Tékkland, Ítalía, Eistland, Lichenstein, Spánn, Rúmenía, Búlgaría og Grikkland.
- iii. Lönd með 14 daga nýgengi smita undir 500 smit/100.000 íbúa
Öll önnur lönd.

Með þessari skiptingu og miðað við fjölda farþega 1.-18 apríl, þá hefðu um 70% smitaðra farþega þurft að dvelja í sóttvarnahúsi en hluti þeirra hefði haft möguleika á að sækja um undanþágu. Jafnframt má ætla að um 600 einstaklingar þyrftu að dvelja í sóttvarnahúsi á hverjum tíma. Þar sem að nýgengi smita virðist vera á niðurleið í mörgum Evrópulöndum þessa stundina þá má einnig gera ráð fyrir að lönd

muni færast niður áhættuflokka á næstunni sem myndi þýða minna íþyngjandi aðgerðir fyrir farþega frá þeim löndum.

3. Aðrar aðgerðir á landamærum verði óbreyttar þ.e. áfram verði krafist neikvæðs PCR-vottorðs við byrðingu og komu með eftirfarandi undanþágum:
 - a. Börn fædd 2005 og síðar undirgangist eina sýnatöku við komu án 5 daga sóttkvíar. Ef foreldrar þurfa í sóttkví þá þarf barnið hins vegar einnig að fara í sóttkví.
 - b. Einstaklingar með gild vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eða bólusetningu undirgangist eina sýnatöku við komu án 5 daga sóttkvíar.
4. Eftirlit með fólki í heimasóttkví verði aukið skv. fyrri áætlunum og nauðsynleg heimild tryggð í reglugerð.